

Bláa Lónið

Garðabær 19. nóvember 2025
202510-0129/Á.G.
10.10

Efni: Umsókn um leyfi fyrir viðburði - Hveradalir - Kerlingarfjöll Ultra 2026 hlaup

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Bláa Lónið, dagsett 30. október, um leyfi fyrir Keppnishaldi í Hveradölum í Kerlingarfjöllum.

Kerlingarfjöll og Hveradalir eru friðlýst sem landslagsverndarsvæði sbr. [auglýsing nr. 822/2020](#). Afla skal leyfis Náttúruverndarstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða og samkomuhalds.

Lýsing verkefnis:

Um er að ræða hlaupakeppnina Kerlingarfjöll Ultra sem hefur farið fram innan Kerlingarfjalla 2024 og 2025. Þrjár hlaupaleiðir verða í boði; 12 km, 22 km og 60 km með ræsingu og endamark við hótelið í Kerlingarfjöllum og allar leiðirnar verða stikaðar með fánum. Hlaupið verður ræst í þremur hollum eftir vegalengdum. 60 km kl. 08:00, 22 km kl. 10:00 og 12 km kl. 13:00. Kort sem sýnir hlaupaleiðir má sjá á heimasíðu hlaupsins <https://kerlingarfjoll.is/kerlingarfjoll-ultra>. Rásmarkið verður sett upp og tekið niður samdægurs 25. Júlí. 6 drykkjarstöðvar verða settar upp á leiðinni deginum áður og teknar niður að loknu hlaupi samdægurs. Hámarksfjöldi keppenda verða 400 sem skiptast á vegalengdirnar (50 gestir í 60km, 250 í 22km og 100 í 12 km) auk 15 starfsmanna á vegum hlaupsins. Öll vélknúin ökutæki sem fylgja hlaupinu verða á bílastæðinu við Hveradali og engin ökutæki, ávegum hlaupsins, fara út fyrir það. Mögulega verða bætt við ferðasalernum í Ásgarði í tengslum við hótelið þann 25. Júlí. Unnið verður með björgunarsveitinni á Flúðum til þess að tryggja öryggi keppenda. Passað verður sértaklega upp á að ekkert rusl verði eftir á svæðinu eftir hlaupið og gengið verður um svæðið með hrífur og jafnað út eftir hlaupara í takt við það sem þarf.

Áhrifamat:

Ekki er talið líklegt að hlaupið Kerlingarfjöll Ultra 2026 hafi neikvæð áhrif á náttúrufar eða jarðminjar Kerlingarfjalla. Hlaupið mun hafa tímabundin áhrif á aðra gesti svæðisins á meðan viðburður stendur yfir. Reynt skal eftir fremsta megni að upplýsa aðra gesti um viðburðinn með góðum fyrirvara, sem og á keppnisdegi.

Niðurstaða og skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Bláa Lónið fyrir sitt leyti leyfi fyrir Kerlingarfjöll Ultra 2026 hlaupinu innan Kerlingarfjalla og Hveradala sbr. lýsingu hér að ofan 25. júlí að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.

- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávík við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Virða skal þær umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Stjórnendur viðburðarins skili til Náttúruverndarstofnunar, a.m.k. viku áður en keppni hefst, áætlun um það hvernig staðið verði að framkvæmd keppinnar. Í áætlun skal m.a. koma fram, fjöldi þátttakenda, hvernig þátttakendum og starfsmönnum er komið á staðinn og hvernig staðið verði að frágangi að viðburði loknum.
- A.m.k. 3 dögum áður en keppnin hefst skal koma fyrir merkingum við upphaf og endastöð keppnisleiðar þar sem gestir svæðisins eru upplýstir um fyrirhugað hlaup/keppnishald.
- Hámarksfjöldi þátttakenda í keppninni verði ekki meiri en 400 manns.
- Stjórnendur keppinnar gefi sig fram við landverði svæðisins og upplýsi þá um hvenær undirbúningur á svæðinu hefst og hvenær frágangi verður lokið.
- Upplýsa skal ljósmyndara og aðra sem koma á svæðið til að fylgjast með keppninni að óheimilt sé að fara út fyrir göngustíga og vísa þeim á góða ljósmyndatökustaði í samráði við landverði.
- Aðstandendur viðburðarins tryggi að ekki verði skilinn eftir neinn úrgangur á víðavangi, hvorki á/við hlaupaleiðir né á drykkjastöð. Einnig að tryggt verði að merkingar sem notaðar verða við að merkja hlaupaleiðina verði fjarlægðar strax að viðburði loknum og skemmdir á gróðri, ef einhverjar verða, lagfærðar.
- Óheimilt er að aka utan vega og skulu starfsmenn sem koma að hlaupinu einungis aka eftir merktum vegum.
- Þátttakendur taki tillit til annara gesta svæðisins hvort sem er við skála sem drykkjarstöðvar eru staðsettar á eða á þeim stígum sem viðburðurinn fer fram.
- Losun ferðasalerna skal fara fram á viðurkenndum losunarstað.
- Þátttakendur og starfsmenn hlaupsins haldi sig á gönguleið alla leið frá upphafsstöð að endastöð hlaupsins. Stjórnendur hlaupsins skulu upplýsa þátttakendur um mikilvægi þess að halda sig á gönguleiðum til að koma í veg fyrir rask á viðkvæmum gróðri meðfram Laugavegi.
- Auglýsa skal hlaupið vel og upplýsa aðra gesti á svæðinu að um tímabundna truflun sé að ræða í Kerlingarfjölum á meðan á hlaupinu stendur.
- Mælst er til þess að þátttakendur komi á svæðið í skipulögðum rútuferðum á vegum viðburðarins þar sem bílastæði eru takmörkuð og vegasamgöngur erfiðar.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands eða ef skilyrðum leyfisins er ekki fylgt.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spilt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Umsýslugjald:

Náttúruverndarstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir afgreiðslu umsóknar um starfsemi, viðburði, rannsóknir og athafnir er kr. **62.400.-** sbr. 7. gr. a. gjaldskrár Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með verkefninu. Eftirlitið verður framkvæmt af starfsmanni stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Valdimar Kristjánsson
svæðissérfræðingur

Ármann Guðmundsson
sérfræðingur